



20. febrúar 2020

## Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá).

Í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar stendur: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á góð vinnubrögð, opna stjórnarsýslu og gagnsæi.“

Gagnsæi næst með því að ryðja úr vegi hindrunum sem eru til staðar og koma í veg fyrir beint eða óbeint aðgengi almennings að upplýsingum. Ein slík hindrun er gjaldtaka fyrir aðgengi að upplýsingum úr fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

Fyrir fjölmiðla sem hafa það að meginmarkmiði að upplýsa almenning og stuðla að staðreyndamiðaðri umræðu þá er fullt og hindrunarlaust aðgengi að gögnum algjört lykilatriði í starfsemi þeirra. Í tilfalli Kjarnans, sem leggur áherslu á umfjallanir um efnahagsmál, viðskipti og stjórnsmál, og tengsl milli þessara málaflokka, þá er nauðsynlegt að sækja mikið af gögnum í fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

Sú gjaldtaka sem er til staðar, og skilaði m.a. Ríkisskattstjóra 134 milljónum krónum í tekjur á árinu 2017, kemur í veg fyrir að Kjarninn og aðrir miðlar sem fjalla um íslenskt atvinnulíf ráðist í umfangsmiklar úttektir á atvinnugreinum og takmarki kaup sín á efni úr áðurnefndum skráum við það allra nauðsynlegsta, enda safnast hratt upp umtalsverður kostnaður ef mikið af gögnum eru sótt.

Þeir sem hagnast af núverandi fyrirkomulagi virðast fyrst og síðast vera þriðju aðilar sem selja aðgang að upplýsingum um fyrirtæki sem milliliðir. Fjárhagslegir hagsmunir þeirra fyrirtækja, sem eru örfá, geta vart trompað lýðræðislegt mikilvægi þess að fjölmiðlar og almenningur allur hafi frjálst, frítt og takmarkalaust aðgengi að opinberum upplýsingum um fyrirtækin sem starfa hérlendis.

Kostnaður á borð við þann sem stefnt er að afnema með þessu frumvarpi eykur enn á dapurt rekstrarumhverfi gagnrýnna fjölmiðla á Íslandi. Það er í hendi stjórnvalda að afnema þess hindrun hrat og örugglega. Það ættu þau að gera sem fyrst.

Kjarninn miðlar styður því heilshugar samþykkt frumvarpsins með öllum þeim breytingum sem það þarf á að halda til að tryggja að aðgengi fjölmiðla og almennings að umræddum gögnum verði sannarlega án takmarkana og að öllu leyti gjaldfrjálst.

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.